

ÍÞRÓTTAFRETTIR MORGUNBLAÐSINS

Valbjörn sexfaldur meistari Sigríður setti 2 íslensk met

**En að öðru leyti var meistara
mótið í frjálsum dauft**

VALBJÖRN Þorláksson varð sexfaldur Íslandsmeistari á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum, sem fram fór um helgina. Átti Valbjörn ágæt afrek í mörgum greinum, sem sýna að hann er í eins góðri þjálfun og nokkru sinni fyrr.

Sigríður Sigurðardóttir, ÍR, setti einu tvö Íslandsmetin sem sett voru, í fimmtarbraut kvenna, þar sem hún náði 3532 stigum en eldra met hennar var 3308 stig, og í 80 m grindahlaupi kvenna 12.8 en eldra met hennar var 13.0.

★ Afrek Sigríðar

Þetta voru eiginlega einu ljósu punktarnir í Meistaramótiinu, sem annars var heldur slápt og daufligt þrátt fyrir ágætar aðstæður hvað veður snerti og allt sem til þurfti. Miknið var um forföll frá tilkyntri þátttöku og það eitt gef-

ur mótum alltaf slæman svip.

Afrok Sigríðar í fimmtarbrautinni voru ágæt og sýndi hún enn hvern afrekskona hún er. Hún stökk 1.45 í hástökki, varpaði kúlu 8.25 m, hljóp 200 m á 28.1, 80 m grind á 12.9 og stökk 4.86 m í langstökki. Gefur þetta 3532 stig og bætti hún met sitt um nokkuð á 3. hundruð stig og varð yfirburðasigurvegari.

Í grindahlaupinu sýndi hún enn betri árangur á laugardag er fram fór lokagrein kvenna-meistaramótsins. Þá hljóp hún

á 12.8 sek. Gildandi met hennar er 13.0.

★ Sexfaldur meistari

Valbjörn var eiginlega sá eini í karlahópi sem eitthvað kvað að. 10.8 í 100 m, 22.3 í 200 og 15.1 í 110 m grindahlaupi eru góð afrek á okkar mælikvarða og auk þess sigraði hann í stangarstökki 4.30 m, 400 m grindahlaupi 58.8 og var í 4x100 m sveit KR sem vann.

Úrslitin tala hins vegar skýrast um þetta heldur daufa mót. Úrslit fyrri dags.

200 m hlaup Íslm. Valbj. Þorláksson 22.3. 2. Skafti Þorgrímsson ÍR 22.9. 3. Ólafur Guðmundsson KR 23.2. 4. Reynir Hjartarson BA 23.3.

Kúluvarp Íslm. Guðm. Hermannsson KR 15.94. 2. Erling Pótharsson KR 14.53. 3. Jón Þórhannsson KR 14.45. 4. Kjartan Guðjónsson ÍR 13.44.

Hástökk Íslm. Jón P. Ólafsson R 1.98. 2. Sig. Lárússon Á 1.75. 3. Haukur Ingibergsson HSP 1.75. 4. Erl. Valdimarsson ÍR 1.75.



Bræðurnir Halldór og Kristleifur Guðbjörnssynir í 1500 m. hlaupinu. Þar vann Kristleifur, en Halldór í 800 m. hlaupinu.

— Íþróttir

Framhald af bls. 22.

Öð upp frá miðju og vann kapphlaupseinvigi við hinn sterka Yeats miðvörð. Gunnar átti síðan fast skáskot að marki — gott skot og svo fast að Lawrence hélt ekki og knötturinn skoppaði fyrir opnu marki. En enginn KR-ingur fylgdi Gunnari, enda lítt um sóknina hugsað og það var auðvelt fyrir Liverpool að byrja næstu sókn upp úr þessu góða marktækifæri KR.

Og innsiglið á leikinn setti Hunt innherji síðan 2 mín fyrir leiklok. Utan vítateigs vippaði hann til Stevensons, hljóp síðan að og fékk knöttinn aftur frá Stevenson. Þrumuskot af 23-25 m færir hafnaði síðan í markneti KR án þess að nokkur fengi vörn við komið. Þarna sýndi Hunt hvað í honum býr.

● LEBIN

Engin samanburður kemur til greina á liðunum, Liverpool liðið var svo mörugum klössum ofar. Það gat gert nákvæmlega það sem það vildi — en reyndi ekki mjög til að skora. Margir þeirra gerðu heiðarlegar tilraunir til að skemmta áhorfendum en þó enginn sem Thompson útherji með einum snjóllum og fjölbreytilegu einleikssýrnum.

Íslenzku áhorfendurnir — og liðsmenn KR, horfðu á eins og góðir nemendur í skóla.

Enginn KR-inga megnaði að sýna neitt það sem knattspyrnu mann í Evrópukeppni með atvinnuönnnum sémir. Við erum grátlega langt á eftir og nú. Hitt er svo annað mál, að áhugamönnum, sem KR-ingum, er alls ekki ætlandi að eiga jafn an leik við eitt af bestu atvinnumannaliðum álfunnar.

En þrátt fyrir þennan óendanlega mun á liðunum hefði leikurinn getað orðið skemmtun fyrir 10 þús. áhorfendur, ef KR hefði leikið „opið“. Mörkin hefðu orðið fleiri, tapið stærra, en lær dómurinn fyrir áhorfendur og KR orðið betri og meiri.

— A. St.



Sigríður sigrar í 200 m. hlaupinu.

Myndir: Sv. Þorm.

Keflvíkingar unnu á Akureyri 1-0 í slöppum leik

**Bæði lið með 4 sigra í
bæjarkeppninni**

KEFLVÍKINGAR og Akureyringar háðu sína árlegu bæjarkeppni í knattspyrnu á sunnudaginn For leikurinn fram á Akureyri í björtu veðri en svölu. Fjöldi áhorfenda fylgdist með leiknum af áhuga. Leikurinn var yfirleitt sviplítill og þófkenndur, en þó komu fyrir nokkur æsandi augnablik við mörkin. Markið sem úrslitum réð — eina mark leiksins — kom þegar röskar tvær mínútur voru til leiksloka.

Í fyrri hálfleik sóttu Akureyringar allfast að Keflavíkurmörkinu og áttu sínu meira í leiknum. Þeir áttu að minnsta kosti 4 ágæt tækifæri, sem öll runnu út í sandinn. Boltinn smaug aðeins nokkrum sentimetrum utan við mark. Keflvíkingar ógnuðu marki Akureyringa ekki verulega nema tvisvar, en sóknin

strandaði í bæði skiptin á góðri markvörzlu Samúels Jóhannssonar.

Í síðari hálfleik létu Keflvíkingar hins vegar öllu meira til sín taka, en þó áttu Akureyringar nokkur snögg og hættuleg upphlaup. Þrjú opin tækifæri misnotuðu Akureyringar í þessum hálfleik og allir þeirra tilburðir komu fyrir ekki. Yfirleitt var liðið lítt þekktanlegt frá Bermudaleiknum, var fremur þreytulegt og slápt, og stundum ein og væru hræddir við að nálgast Keflvíkinga um of, enda voru þeir stundum satt að segja lítt árennilegir.

Dómarinn Sveinn Kristjánsson hefði gjarnan mátt beita flautunni meira.

Keflvíkingar voru duglegir og ósérhlifnir og baráttuviljinn

sterkur, oft sterkari en góðu hófi gegndi, svo leikur þeirra var ekki að sama skapi fagur, en hann var harður.

Eina markið kom á 43. mín. síð. hálfleiks, þegar Keflvíkingar höfðu teyg varnarmann Akureyringa of langt frá marki með góðum samleik og Jón Ólafur Jónsson var fljótur að átta sig og skoraði af miklu öryggi.

Beztu menn Keflvíkinga voru Karl Hermannsson og Högni Gunnlaugsson sem varð að hætta eftir fyrri hálfleik vegna tognunar.

Beztu menn Akureyringa voru Kári og Skúli í framlínunni, Guðni Jónsson og Samúel markvörður að ógleymdum Jóni Stefánssyni, sem mörg sóknarlotan strandaði á eins og svo oft áður.

Keflvíkingar unnu nú þessa bæjarkeppni í 4. sinn, en Akureyringar hafa unnið 4 sinnum áður. Einu sinni hefur orðið jafntefli. Ef annað liðið sigrar næsta ár vinnur það bikarinn til eignar.

800 m hlaup Íslm. Halldór Guðbjörnsson KR 1.59.7. 2. Þórarinn Ragnarsson 2:00.9. 3. Kristl. Guðbjörnsson 2:01.0

4. Þórarinn Arnórsson 2:01.1
5000 m hlaup Íslm. Kristl. Guðbjörnsson KR 15.46.4.

Spjótkast Íslm. Kristján Stefánsson ÍR 61.88. 2. Kjartan Guðjónsson ÍR 55.43. 3. Björgvin Hólm ÍR 53.61. 4. Karl Hólm ÍR 46.02.

Langstökk Íslm. Úlfar Teitsson KR 6.89. 2. Þorv. Benediktsson KR 6.79. 3. Gestur Einarsson HSK 6.76. 4. Kjartan Guðjónsson ÍR 6.64.

400 m grindahlaup Íslm. Valbj. Þorláksson KR 58.8. 2. Helgi Hólm ÍR 59.0. 3. Hjörli. Bergsteinsson Á 63.4

4x100 boðhlaup Unglingasv. KR 3.32.3. Ungl.met. 2. ÍR 3.39.5.

SÍÐARI DAGUR

100 m hlaup Íslm. Valbj. Þorláksson KR 10.8. 2. Einar Gíslason KR 11.0. 3. Skafti Þorgrímsson ÍR 11.1 R Reynir Hjartarson BA 11.2.

Stangarstökk Íslm. Valbj. Þorláksson KR 4.30. 2. Valg. Sigurðsson R 3.55. 3. Sig. Friðriks-son HSP 3.35.

110 m gr.hl. slm. Valbj. Þorláksson KR 15.1. 2. Kjartan Guðjónsson ÍR 15.3. 3. Sig. Lárússon.

Kringlukast Íslm. Þorsteinn Löve ÍR 46.55. 2. Hallgr. Jónsson ÍBV 45.91. 3. Guðm. Hallgrímsson HSP 43.90. 4. Friðrik Guðm. KR 43.09.

1500 m hlaup Íslm. Kristl. Guðbjörnsson KR 4.05.6. 2. Halldór Guðbjörnsson KR 4.06.0. 3. Þór. Ragnarsson KR 4.23.2. 4. Þórur Guðmundsson Breiðablik 4.32.0.

Þristökk Íslm. Karl Stefánsson HSK 14.12. 2. Þorv. Benediktsson KR 13.73. 3. Sig. Friðriks-son HSP 13.53. 4. Sig. Sveinsson HSK 13.53.

Sleggjukast Íslm. Þórður B. Sigurðsson KR 49.45. 2. Jón P. Sigmundsson ÍR 49.10. 3. Jón Magnússon ÍR 47.67. 4. Gunnar Alfreðsson ÍR 46.55.

400 m hlaup slm. Ólafur Guðmundsson KR 51.0. 2. Þórarinn Ragnarsson 51.5. 3. Skafti Þorsteinsson KR 52.8. 4. Þór Arnórsson ÍR 53.0.

4x100 m boðhlaup A-sv. KR 43.7. 2. B-sv. KR 46.4. 3. ÍR 4.65. FH 48.3.

Fimmtarbraut kvenna Íslm. Sigríður Sigurðardóttir ÍR 3532 Íslm. met. 2. Lilja Sigurðardóttir ÍR 3050. 3. Linda Ríkarðsd. HSP 3135.